



NIÐURSTÖÐUR SAMRÁÐS Í MÁLINU

Drög að frumvarpi til laga um kílómetragjald vegna notkunar bifreiða (gjaldtaka aksturs hreinorku- og tengiltvinnbifreiða).

Nr. 224/2023 í Samráðsgátt Stjórnvalda á vefnum Ísland.is

Efnisyfirlit

1.	Þátttaka.....	2
2.	Sjónarmið umsagnaraðila.....	2
3.	Næstu skref.....	2

1. Þátttaka

Innsendar umsagnir voru 13 talsins.

Upplýsingar um málsefni, umsagnarfrest og annað fyrirkomulag er að finna í samráðsgáttinni á Ísland.is, slóð á málið: <https://island.is/samradsgatt/mal/3596>

2. Sjónarmið umsagnaraðila

Flestir umsagnaraðila studdu í meginatriðum þær fyrirætlanir stjórnvalda að innheimta kílómetragjald vegna aksturs og notkunar hreinorku- og tengiltvinnbílum (fólks- og sendibílum). Ýmsar athugasemdir bárust við frumvarpsdrögin og voru margar þeirra samhljóma þeim athugasemdum sem borist höfðu vegna áforma um frumvarpið og tekin hafði verið afstaða til á fyrri stigum.

Þær athugasemdir sem bárust við frumvarpið vörðuðu t.a.m. það að álagning kílómetragjalds fæli í sér landsbyggðarskatt. Hvað við kemur þeirri staðhæfingu bendir ráðuneytið á að samkvæmt greiningu þess á meðalakstri bifreiða væri meðalakstur í kílómetrum eftir póstnúmerum áþekkur á landinu öllu. Áhrif kílómetragjaldsins á landsbyggðina umfram höfuðborgarsvæðið væru þannig að mati ráðuneytisins ekki mælanleg.

Þá kom fram það sjónarmið að óheppilegt gæti verið að notast við orðið „vanrækslugjald“ yfir þau viðurlög sem beita á ef skráning hefur ekki farið fram innan tiltekinna tímamarka eða ef boðun hefur ekki verið sinnt. Fram kom það sjónarmið að orðið „vanskráningargjald“ væri gagnsærra, það skýrði sig nokkuð sjálft og lýsti betur þeirri háttsemi sem það væri ætlað að taka á frekar en orðið vanrækslugjald. Þá kæmi notkun orðsins vanskráningargjald í veg fyrir ruglingshættu gagnvart orðinu vanrækslugjald sem í hugum margra næði fyrst og fremst yfir viðurlög fyrir þá háttsemi að færa ekki ökutæki til lögmæltrar skoðunar. Ráðuneytið tekur undir þessi sjónarmið og leggur til að í frumvarpinu verði notast við orðið vanskráningargjald í stað vanrækslugjalds.

Þá bendir ráðuneytið á líkt og fram kom í viðbrögðum vegna áformaskjalsins að ekki fáið séð að rök séu fyrir því að fresta gildistöku frumvarpsins til 1. janúar 2025. Þar sem innleiðing á kílómetragjaldi er stór kerfisleg breyting og ákveðin umbreyting á innheimtu skatta og gjalda af ökutækjum var talið rétt að fyrsta skrefið yrði tekið þann 1. janúar 2024 með innleiðingu kílómetragjalds vegna notkunar hreinorku- og tengiltvinnbíla (fólks- og sendibíla). Með því væri hægt að draga lærdóm af því sem betur megi fara áður en síðara skrefið verður stigið með innleiðingu kílómetragjalds vegna notkunar allra annarra ökutækja á vegakerfinu á árinu 2025.

3. Næstu skref

Fyrirhugað er að leggja fram frumvarp til laga um kílómetragjald vegna notkunar hreinorku- og tengiltvinnbíla á haustþingi 2023.